

Viðbrögð við landgöngu hvítaljarna á Íslandi

Skýrsla starfshóps sem umhverfiráðgjafar
skipaði í júní 2008 til tillögugerðar um
viðbrögð vegna hugsanlegra landtöku
hvítaljarna á Íslandi

Hjalti J. Guðmundsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Ólafur Jónsson
og Stefán Vagn Stefánsson

Umhverfisráðherra
Þórunn Sveinbjarnardóttir
Umhverfisráðuneytið
Skuggasund 1
150 Reykjavík

Virðulegi ráðherra,

Starfshópur til að vinna að tillögum um viðbrögð vegna hugsanlegrar landtöku hvítaljarna á Íslandi, sem skipaður var í júnímánuði 2008, hefur lokið verkefni sínu.

Í samræmi við skipunarbréf starfshópsins var sérstaklega tekið mið af þeirri reynslu sem fékkst við landtöku tveggja hvítaljarna við Skagafjörð í júní sl. og viðbrögðum við komu þeirra hingað til lands við tillögugerðina.

Tillögur starfshópsins eru í meðfylgjandi skýrslu.

Starfshópurinn er sammála um meðfylgjandi tillögur.

Reykjavík 25. september 2008

Hjalte J. Guðmundsson

Guðmundur A. Guðmundsson

Ólafur Jónsson

Stefán Vagn Stefánsson

Efnisyfirlit

Inngangur	4
A: Líf og hættir hvítabjarna <i>Ursus maritimus</i>	5
Hegðun	6
Hvítabirnir á Íslandi	7
Hafís við Ísland	7
Lög um hvítabirni á Íslandi	8
B: Atburðarásin	9
Hvítabjörninn á Þverárfjalli þann 2. júní	9
Hvítabjörninn að Hrauni á Skaga þann 16. júní.....	9
C: Niðurstaða viðtala við sérfræðinga og þátttakendur í aðgerðum	11
D: Tillögur starfshópsins um viðbrögð við hugsanlegri landtöku hvítabjarna hér við land.	12
Fræðsla um hættu af og rétt viðbrögð almennings við landgöngu hvítabjarna	16
Tillögur um fjármögnun viðbragðsáætlunar	16
Helstu heimildir sem stuðst var við í þessari samantekt:	16
Viðauki I	18
Viðauki II	18

Inngangur

Þann 18. júní 2008 skipaði umhverfissráðherra starfshóp til að vinna tillögur um viðbrögð vegna hugsanlegra landgöngu hvítabjarna á Íslandi. Starfshópurinn var skipaður eftirfarandi aðilum:

Dr. Hjalti J. Guðmundsson, formaður, sviðsstjóri Náttúruauðlinda hjá Umhverfisstofnun

Dr. Guðmundur A. Guðmundsson, dýravistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands

Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir fyrir Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi

Stefán Vagn Stefánsson, yfirlöggregluþjónn í Skagafirði

Ritari starfshópsins var Karl Karlsson, dýralæknir hjá Umhverfisstofnun

Þessi starfshópur var skipaður vegna komu tveggja hvítabjarna sem gengu á land annars vegar á Þverárfjalli þann 2. júní og hins vegar við bæinn Hraun á Skaga þann 16. júní. Tilgangur starfshópsins, samkvæmt erindisbréfi, er að vinna tillögur um viðbrögð vegna hugsanlegrar landtöku ísbjarna á Íslandi og skal hópurinn taka sérstaklega mið af þeirri reynslu sem fékkst við landtöku ofangreindra hvítabjarna á Skaga við tillögugerð sína, en ennfremur leita sem víðast eftir reynslu og þekkingu annarra á þessu sviði.

Koma hvítabjarnanna í vor olli miklum viðbrögðum í þjóðfélaginu. Mikil fjölmiðlaumræða varð um málið og skiptar skoðanir fólks um viðbrögð við þessum heimsóknum. Fór svo að lokum að bæði dýrin voru felld en tilraun var gerð til þess að ná síðara dýrinu lifandi, en sú tilraun mistókst. Tilgangur þessarar skýrslu er að fara í gegnum þessa tvo atburði og athuga hvaða lærdóm má af þeim draga og í framhaldinu að leggja til viðbrögð við landgöngu hvítabjarna í framtíðinni. Starfshópurinn fór yfir atburðarás beggja tilfellanna með viðtölum við fólk á vettvangi og viðræðum við sérfræðinga um hvítabirni, bæði innlenda og erlenda.

Skýrslan er uppbyggð með þeim hætti að byrjað er á að fjalla um lifnaðarhætti hvítabjarna, verndarstöðu þeirra í alþjóðlegu samhengi, komur þeirra til Íslands í gegnum tíðina og þau lög er gilda um hvítabirni á Íslandi. Því næst verður farið yfir þá atburðarás sem varð vegna komu bjarnanna tveggja í sumar ásamt álitum fólks sem tók þátt í aðgerðum og þeirra sérfræðinga sem boðaðir voru til viðræðna um málið. Að lokum verða lagðar fram niðurstöður starfshópsins og tillögur um viðbrögð við komum hvítabjarna til landsins.

A: Líf og hættir hvítabjarna *Ursus maritimus*

Útbreiðsla hvítabjarna er bundin við Norðurheimsskautssvæðið og fylgja þeir dreifingu hafíss allt umhverfis Norðurljólinn. Hafísinn er aðalheimkynni hvítabjarnar og búsvæði hans stærstan hluta ársins. Hvítabjörn er náskyldur brúnbirni, enda talið að tegundirnar hafi aðskilist fyrir aðeins 200 þúsund árum þegar hvítabirnir aðlöguðust lífi á hafís. Fyrir utan lit og fæðuval eru það einkum fætur sem eru ólíkir, en hvítabjörn er mun stórfættari sem er aðlögun að sundi og því að ganga á snjó og þunnum ís.

Talið er að heimsstofn hvítabjarna telji um 22.000 dýr í dag (Lunn ofl. 2002 í Freeman & Wenzel 2006). Þeim er skipt í 19 stofna eða talningareiningar. Flesta hvítabirni er að finna í Kanada. Rússar friðuðu hvítabirni árið 1956. Norðurheimsskautspjóðirnar bundust samningi í Osló árið 1973 um verndun hvítabjarna sem tók gildi árið 1976. Hvítabirnir eru á svonefndum rauða lista IUCN (alþjóða náttúruverndarsamtökin) yfir dýr í yfirvofandi hættu (e: vulnerable) og hafa nýlega verið skráð sem ógnað (e: threatened) í Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Þrátt fyrir þetta styður hvítabjarnaráð IUCN (International Union for Conservation of Nature) sjálfbæra nýtingu á öllum 19 stofnum hvítabjarna eins og t.d. á Grænlandi. Um 800 dýr eru felld árlega og helmingur þeirra í Kanada (1990-2000 var árleg meðalveiði í Kanada 462 dýr, þ.a. 67 af sportveiðimönnum; Freeman & Wenzel 2006). Árlegur veiðikvóti dýra úr stofni hvítabjarna á Austur Grænlandi er 50-54 dýr fyrir árin 2007-2009 en nýlega juku grænlandsk yfirvöld veiðikvóta fyrir árið 2008 um 10 dýr (E.W. Born, tölvupóstur til Hjalta J. Guðmundssonar, dags. 2. september 2008).

Hvítabjörn er mjög stórvaxinn. Verulegur munur er á stærð kynja og eru karldýrin stærri (1,2x lengri og 2,1x þyngri; Derocher & Wiig 2002). Stærstu karldýr ná allt að 1,5 metra hæð á herðakamb og eru þyngstu einstaklingar allt að 750 kg að þyngd. Stórvaxinn björn getur verið 4m á hæð standandi á afturfótum. Nokkur breytileiki er á stærð dýra eftir svæðum og eru stærstu birnirnir í Alaska en minnstir eru þeir við Svalbarða. Birnir af A-Grænlandsstofni eru ívið stærri en þeir frá Svalbarða (Bechshøft ofl. 2008). Í Alaska er meðalþyngd fullvaxinna karldýra 470 kg (bil 350-550; íslenskur hestur vegur 350-450 kg og er 1,5 m á herðakamb) en kvendýr eru að meðaltali 255 kg (bil 150-300). Fullvaxin karldýr hvítabjarna á Svalbarða eru að meðaltali 390 kg (bil 270-530) en kvendýr 185 kg (bil 125-270; Derocher & Wiig 2002). Hvítabirnir verða kynþroska 4-6 ára gamlir og ná kvendýr fullri líkamsstærð um 4,4 ára en karldýr 6,2 ára. Þeir ná þó ekki fullri þyngd fyrr en mun síðar, kvendýrin 7,3 ára og karldýrin 13,5 ára. Hvítabirnir verða sjaldnast eldri en 20 ára gamlir þótt dæmi séu um dýr sem náð hafa 30 ára aldri úti í náttúrunni. Í dýragörðum geta þeir orðið enn eldri.

Hvítabirnir eru einfarar stærstan hluta ársins. Þeir sjást sjaldan margir saman, nema á fengitíma eða þegar þeir ganga í hvalshræ. Fengitími er á vorin. Þá berjast karldýrin um hylli kvendýra, enda er aðeins þriðjungur kynþroska kvendýra á lausu. Þörun á sér stað í apríl/maí og er parið í samvistum í u.þ.b. eina viku. Sumrinu er eytt út í ísnum og forða safnað. Kvendýrið tvöfaldar þá þyngd sína en í október/nóvember leggst hún í híði. Þau eru oftast á landi, en þar sem mikið er af fjölærum ís, eins og í Beauforthafi, leggjast birnur í híði úti í ísnum 2-300 km frá ströndu. Birnur í híði leggjast ekki í dvala eins og brúnbirnir, en halda kyrru fyrir og halda nær fullum líkamshita. Önnur dýr en birnur með húna eru á ferðinni allt árið.

Húnar fæðast í desember. Yfirleitt eru húnar tveir, en sjaldnar 1 eða 3. Dæmi er um fjóra. Við fæðingu vega þeir aðeins 600 grömm og eru blindir fyrsta mánuðinn. Mjólkinn er næringarrík og þeir þyngjast hratt og eru orðnir um 13 kg þegar þeir yfirgefa híði í apríl. Þá er birnan búin að vera í sveltí 5-6 mánuði. Þess vegna liggur leiðin beint út á ísinn á slóð hringanóra. Mjólk er áfram undirstaða næringar húnanna, en smám saman tekur við fast fæði. Ársgamliir vega þeir 40-140 kg. Húnar fylgja birnu í allt að tvö og hálf ár (30 mánuði). Á þeim tíma læra þeir að bjarga sér. Þegar húnar yfirgefa birnuna á þriðja ári vega ungu kvendýrin að meðaltali 130 kg en karldýr 170 kg (sbr. Derocher & Wiig 2002). Birnur parast því aðeins á þriggja ára fresti, nema húnar misfarist. Viðkoma hvítabjarna er því mjög hæg.

Hringanóri *Pusa hispida* er efst á matseðli hvítabjarna. Fullorðinn selur er veiddur við öndunarop í ísnum, en vorkópar eru teknir í híði sínu í sköflum á ísnum. Fullorðinn hringanóri er mjög spikaður og vegur um 100 kg. Fullvaxinn björn getur innbyrt allt að 50 kg af spiki í einni máltíð. Kjötið mætir afgangi.

Hegðun

Hvítabirnir eru stærstu landrándýr jarðar, stórhættulegir og óútreiknanlegir. Oftast eru þeir einir á ferð. Þeir eiga sér enga náttúrulega óvini nema manninn og eru í eðli sínu forvitnir. Birnur með húna forðast yfirleitt menn og óþekktar aðstæður, en karldýr eru gjörn á að nálgast menn og elta til þess að forvitnast. Yfirleitt virðast þeir ekki í áráshug og má fæla þá burtu með hávaða og látum. Vélarhljóð er eitthvað sem þeir undantekningarlítið óttast. Árásir eru gerðar af stuttu færi (50m) og tekur það björninn innan við 5 sekúndur að fara þá vegalengd. Hvítabirnir gefa sjaldnast frá sér hljóð og engin öskur eða urr vara við yfirvofandi árás. Hvítabirnir eru afar lykt næmir og geta fundið lykt á margra kílómetra færi standi vindur af bráð. Þeir leita þá uppí vindinn til að kanna hvað þar er á ferð og veiðimöguleika. Hvítabirnir sem verða fyrir styggð og flýja leita undantekningarlítið til sjávar og leggjast til sunds.


- Þeir ganga oftast hægt (3-5 km/klst)
- Þeir þola ekki að hlaupa langar vegalengdir því þeir ofhitna
- Geta tekið stutta spretti (allt að 40 km/klst; um 10 m/s)
- Eru vel syndir (oftast 2-3 km/klst en ná allt að 10 km/klst)
- Geta synt meira en 100 km vegalengd

- Geta kafað í 2 mínútur

Hvítabirnir sem af einhverjum orsökum eru á landi utan hafíssvæða hafa litla möguleika á að veiða sér til matar og eru því oft langsoltnir. Við sunnanverðan Hudsonflóa í Kanada ganga hvítabirnir á landi sumarlangt eftir að ísa leysir og nærast þá á berjum og ýmiss konar gróðri. Vegna hita leita þeir oft upp skugga og halda oft kyrru fyrir á sama stað dögum saman. Þá liggja þeir oft á bakinu með lappir út í loft til að hámarka hitaútsreymi.

Hvítabirnir á Íslandi

Á Íslandi eru hvítabirnir flökkudýr utan sinna hefðbundnu heimkynna í rekisnum við A-Grænland. Heimildir eru til um yfir 500 hvítabjarnarkomur síðan á landnámsöld (1. mynd; Ævar Petersen & Þórir Haraldsson 1993). Flestra hvítabjarna á einu ári varð vart hafísárið 1881 þegar 71 dýr sást. Jafnmörg dýr sáust í 59 tilfellum á 20. öldinni




1. mynd. Dreifing hvítabjarnarathugana á Íslandi á sögulegum tíma skv. 10x10 km reitakerfi. Margar athuganir geta verið að baki hverjum punkti. Endurteiknað eftir Ævari Petersen & Þóri Haraldssyni 1993.

allri, þ.a. 27 dýr í 18 tilfellum veturinn 1917-18. Heimsóknir eru tíðastar á hafísárum, þegar ísjaðarinn liggur nærri landinu eða ís er landfastur. Hvítabjarnakomur eru tíðastar um norðan- og austanvert landið og flest dýr halda sig við ströndina. Nokkur dæmi eru um birni sem leitað hafa inn til landsins allt að 50 km frá ströndu. Einstaka dýr hafa sést á sunnan- og vestanverðu landinu. Mjög góð samsvörun er því á milli dreifingar hafíss við landið og hvítabjarnakoma.

Hafís við Ísland

Eins og greinir frá hér að framan er útbreiðsla hafíss mikilvægar upplýsingar um möguleika á komum hvítabjarna til Íslands. Upplýsingar um hafís við Ísland ná mjög langt aftur í tímann. Þær hafa verið notaðar til rannsókna á veðurfarssveiflum allt frá landnámi. Nú á dögum er fylgst með hafís á íslenskum hafsvæðum með ýmsum aðferðum. Upplýsingar berast frá skipum í grennd við hafísslóðir, bæði fiskiskipaflotanum og frá flutningaskipum og svo frá hafrannsóknaskipum.

Landhelgisgæsla Íslands fer í reglubundið ísflug og hugar auk þess að hafís í venjulegu eftirlitsflugi innan íslenskrar lögsögu. Vestlægir vindar hrekja ísinn í Grænlandssundi austur á bóginn. Ísinn berst á hafsvæðin fyrir norðan land. Komi norðanvindur í kjölfarið berst ísinn að landi. Fer hann þá gjarnan í strandstrauma austur með ströndum landsins. Þegar verst lætur berst hann austur fyrir Langanes og jafnvel suður með Austfjörðum. Á þessum hafís berast hvítabirnir hingað til lands og því mikilvægt að fylgjast vel með honum á vorin til að meta möguleika á komum hvítabjarna til landsins.



2. mynd. Útbreiðsla hafís þann 1. júní 2008

Lög um hvítabirni á Íslandi

Í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 segir í 16. gr. um hvítabirni:

- Hvítabirnir eru friðaðir samkvæmt lögum þessum á landi, hafís og á sundi, sbr. þó 3. mgr.
- Gangi hvítabjörn á land þar sem fólki eða búfánaði er ekki talin stafa bráð hættu af er Umhverfisstofnun heimilt að láta fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafar hættu af honum.
- Fella má hvítabjörn sem gengið hefur á land og fólki eða búfánaði er talin stafa hættu af.
- Hafi hvítabjörn verið felldur skv. 3. mgr. skal það tilkynnt umhverfisráðherra án tafar og getur hann þá krafist þess að björninn verði afhentur Náttúrufræðistofnun Íslands til athugunar eða ráðstöfunar, enda greiði ríkissjóður áfallinn kostnað.

Af þessum lagatexta að dæma er hvítabjörn alfriðaður á Íslandi, þ.e. á landi, í vatni og á hafís. Þó má fella hvítabjörn þegar aðstæður skapast þar sem fólk og búfánaði stafar hættu af dýrinu. Einnig er Umhverfisstofnun heimilt að fanga hvítabjörn og flytja hann á öruggan stað. Samkvæmt laganna hljóðan má einvörðungu fella hvítabjörn á landi. Þetta er mikilvægt að hafa í huga við frekari aðgerðir vegna komu hvítabjarna hingað til lands.

B: Atburðarásin

Hér á eftir verður farið í gegnum þá atburðarás er varð vegna komu tveggja hvítabjarna hingað til lands snemmsumars 2008. Ekki verður farið í hvert smáatriði en reynt að varpa ljósi á hvernig málin þróuðust frá fyrstu tilkynningu þangað til bjarnýrin voru felld.

Hvítabjörninn á Þverárfjalli þann 2. júní

Í stuttu máli er atburðarásin þannig að lögregla fékk tilkynningu um hvítabjörn og fór á staðinn til að staðfesta upplýsingarnar en á undan hafði fjölmiðlum verið tilkynnt um komu hvítabjarnarins. Þegar fréttist af hvítabirninum streymdi mikið af fólki á vettvanginn og voru margir komnir á undan lögreglu á staðinn. Byrjað var á að loka veginum við afleggjara Þverárfjallsvegs og Hrauns á Skaga en fólk var staðráðið í því að sjá dýrið og taka myndir af því þannig að sumir notuðu hjáleid sem lögreglumaður vissi ekki af og komst því nær. Af upplýsingum sjónarvotta að dæma virtist fólk ekki gera sér nokkra grein fyrir þeirri hættu sem stafaði af dýrinu.

Lögregla kallaði til fjórar skyttur sem komu á vettvang skömmu á eftir lögreglu. Einnig var leitað aðstoðar Náttúrustofu Norðurlands vestra (NNV). Þegar hér var komið reyndi lögreglan að tryggja vettvang eftir fönngum en það var erfitt þar sem mikið af fólki var á staðnum nokkur hundruð metra frá dýrinu. Lögregla og skyttur fylgdust með dýrinu en fljótlega kom að því styggð og dýrið fór á hreyfingu. Hvarf dýrið í um fimm mínútur og sást aftur þar sem það var komið töluvert lengra til suðvesturs og útfyrir þá lokun sem lögregla hafði sett. Mikil þoka var ofar í hlíðum Þverárfjalls og af öryggisástæðum og ótta við að dýrið myndi tynast í þokunni var tekin ákvörðun um að fella dýrið.

Hvítabjörninn að Hrauni á Skaga þann 16. júní

Um hádegisbil þann 16. júní fékk lögregla tilkynningu um að sést hafi til hvítabjarnar í heimalandi Hrauns á Skaga. Lögregla brást hratt við og fór á staðinn og staðfesti að þar væri hvítabjörn. Hann virtist rólegur og ekki á hreyfingu. Lögreglan lokaði svæðinu og kallaði til fjórar skyttur og forstöðumann NNV til aðstoðar. Einnig kallaði lögreglan til björgunarsveit á svæðinu til að aðstoða við lokun svæðisins.

Umhverfisstofnun var þegar tilkynnt um að hvítabjörn hafi gengið á land á Skaga. Viðbrögð Umhverfisstofnunar voru að dýralæknir/sérfræðingur stofnunar var þegar sendur á staðinn og var það ráðgjöf hans frá upphafi að fella bæri dýrið. Þeirri skoðun var ítrekað komið á framfæri við yfirmenn stofnunarinnar. Umhverfisráðuneytið ákvað hinsvegar í samráði við Umhverfisstofnun að reynd yrði björgun á dýrinu með þeim ráðum er tiltæk voru og koma því lífandi til náttúrulegra heimkynna. Aðgerð var sett í gang sem laut að þessu markmiði af hendi Umhverfisstofnunar. Allan fyrsta daginn var unnið að þessari áætlun sem reyndist flókin og tímafrek þar sem engin reynsla af þess háttar aðgerð var fyrir hendi. Áætlun var lokið seint um kvöld af hendi Umhverfisstofnunar og gekk út á að svæfa

dýrið með deyfilyfjum skotið úr pílubyssu, færa síðan dýrið í búr og flytja það með varðskipi að Ísröndinni og sleppa því þar. Til aðstoðar og skipulagningu á vettvangi var fenginn yfirdýralæknir dýragarðsins í Kaupmannahöfn, Carsten Grøndahl. Samband við dýragarðinn í Kaupmannahöfn komst á eftir milligöngu NNV. Þess ber að geta að ekki var haft samráð við dýralækni Umhverfisstofnunar um þessa tilhögun né hann hafður með í ráðum. Um þetta leyti var Landhelgisgæslan (Lhg) fengin að málinu og bauðst hún til að taka þátt í aðgerðum með þyrlu og varðskipi. Umhverfisráðuneytið setti í gang vinnu við að afla tilskilinna leyfa hjá stjórnvöldum á Grænlandi þannig að hægt væri að sleppa dýrinu í grænlenstri lögsögu. Þess ber að geta að slíkt leyfi lá ekki fyrir þegar björgunaraðgerðir á Hrauni hófust þann 17. júní.

Gengið var frá því við Icelandair Cargo að þeir flygju með búið og dýralækninn til Akureyrar þar sem þyrla Landhelgisgæslunnar myndi flytja Carsten út á Hraun. Ýmissa leyfa þurfti að afla varðandi innflutning þess útbúnaðar sem stóð til að nota við Björgunaraðgerðina. Búið komst ekki fyrir í þyrlunni og því þurfti að flytja það landleiðina á staðinn. Að kveldi 16. júní var búið að ganga frá flestum endum er varðaði áætlunina um björgun dýrsins; flug með dýralækni og búr, leyfisveitingar, samskipti við Lhg og lögreglu um aðgerðir. Hvítabjörninn hafði lítið hreyft sig úr bæli sínu í æðavarpinu á þessum tímapunkti.

Aðfararnótt 17. júní hafði björninn ekki mikið verið á ferðinni og hófst frekari undirbúningur fyrir komu Carsten Grøndahl. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar hafði á þessum tímapunkti verið í samskiptum við Carsten og Christian Sonne, dýralækni og sérfræðing í hvítabjarnafræðum við Árósháskóla og dönsku Umhverfisstofnunina. Til stóð að Christian Sonne myndi fylgja Carsten til Íslands og annast sýnatökur úr birninum en af komu hans varð ekki og því tók Umhverfisstofnun ábyrgð á öflun umræddra sýna. Drög að aðgerðaráætlun við föngun hvítabjarnarins var ákveðin af yfirlögregluþjóni, dýralækni Umhverfisstofnunar og forstöðumanni NNV, en yfirlögregluþjónn var sá sem stýrði aðgerðum að Hrauni með tilliti til öryggisþátta en ábyrgð á aðgerðum er snéru að föngun dýrsins hvíldu á starfsmanni Umhverfisstofnunar. Kallaðir voru til þrjú dýralæknar á vegum Matvælastofnunar til aðstoðar við aðgerðina og fyrirhugaðar sýnatökur.

Vél Icelandair Cargo lenti á Akureyrarflugvelli um kl 14:30 með búr fyrir björninn og Carsten Grøndahl, dýralækni. Búrinu var ekið landleiðina út á Hraun en Carsten fluttur með þyrlu Lhg út á Hraun. Hvítabjörninn hafði ekki hreyft sig úr bæli sínu í æðavarpinu á þessum tímapunkti. Þegar Carsten kom að Hrauni var haldinn fundur aðila á staðnum þar sem hann var kynntur fyrir þeim aðilum á staðnum sem komu að aðgerðum, ábyrgðarskipan og almennt farið yfir stöðu máls. Aðgerð varðandi föngunina var ákveðin í smáatriðum og í framhaldinu gengu aðilar til undirbúnings. Búið kom að Hrauni um kl 17:00 og hófust björgunaraðgerð skömmu síðar.

Ákveðið var að senda fyrsta bíl í hvarfi við björninn og reyna að staðsetja hann milli dýrsins og sjávar í þeim tilgangi að reyna að koma í veg fyrir að dýrið kæmist til sjávar. Bíllinn náði í um 50 m fjarlægð við dýrið og staðnæmdist þar án þess að dýrið yrði hans vart að því er virtist. Seinni bíll með Carsten innanborðs nálgadist dýrið í þess augsýn og kom hreyfing á dýrið áður en komist var í fullnægjandi færi til að skjóta það með deyfipílu. Í stuttu máli þá fældist dýrið og eftir stuttan eltingarleik var ljóst að dýrið var á leiðinni í sjóinn. Á því augnabliki var ákveðið að fella dýrið og var það gert á fagmannlegan hátt.

Fjölmiðlafólki hafði ekki verið hleypt inn á vettvang á meðan dýrið var við bæinn vegna öryggissjónarmiða en fengu núna leyfi til að mynda dýrið. Töluverð óánægja skapaðist hjá þessum hópi vegna þessa.

C: Niðurstaða viðtala við sérfræðinga og þátttakendur í aðgerðum

Tekin voru viðtöl við alla sem tóku beinan þátt í aðgerðum á Skaga í báðum landgöngum hvítabjarna (viðauki I) utan þeirra er koma að málinu gegnum starfshópin. Þetta eru Stefán Vagn Stefánsson yfirlögregluþjónn í Skagafirði og Karl Karlsson dýralæknir á Umhverfisstofnun og ritari hópsins, enda miðla þeir af sinni reynslu í hópstarfinu.

Í viðtölum hópsins við þátttakendur í báðum tilfellum komu hvítabjarna á Skaga fram að um mjög mismunandi atburði hefði verið um að ræða. Í fyrra tilfallinu á Þverárfjalli skapaðist mikil hættu vegna þess fjöldi fólks sem dreif að svæðinu til að skoða dýrið. Mikil fólksfjöldi var mættur á undan lögreglu á vettvang og gekk lögreglu erfiðlega að búa til öryggissvæði. Þegar þeirri vinnu var lokið færði dýrið sig um set og fór út fyrir öryggissvæðið sem skapaði hættu fyrir nærstadda. Sökum þess og að mikil þoka var á vettvangi og hættu var á að dýrið myndi tynast í þokunni var ákveðið í samráði við þá sem að aðgerðinni komu að fella dýrið. Seinna tilfellið á Hrauni á Skaga var frábrugðið. Hér var dýrið mjög rólegt og hreyfði sig lítið allan þann tíma sem tók að skipuleggja og hefja björgunaraðgerðir. Almenn töldu þátttakendur aðgerðarinnar að Hrauni á Skaga að vel hefði til tekist með skipulag og útfærslu aðgerðarinnar, miðað við þær aðstæður og bolmagn sem fyrir hendi var, þrátt fyrir að lokatakmarki hafi ekki verið náð.

Niðurstöður sérfræðinga sem starfshópurinn leitaði til var mjög samhljóma. Eins og fram hefur komið styður Hvítabjarnaráð IUCN sjálfbæra nýtingu á öllum stofnum hvítabjarna og gerir því ekki athugasemdir við að dýrin sem komu hingað til lands hafi verið felld. Þetta sjónarmið kom einnig fram hjá öðrum sérfræðingum sem rætt var við og jafnvel var tekið það hart í árina að eina rökrétta viðbragðsáætlunin hér á landi ætti að vera að fella dýrin enda þau langt frá heimkynnum sínum, ógni öryggi og gætu mögulega verið sýkingavaldur fyrir önnur dýr hér á landi.

Að ofangreindu má draga þá ályktun að flest gögn í málinu bendi til þess að réttlæt看legt sé að fella þá hvítabirni sem hingað koma. Það virðist vera nokkuð samdóma álit þeirra sérfræðinga sem leitað var til (Viðauki II). Má hér sérstaklega benda á álit Andrew Derocher (formaður hvítabjarnarnefndar IUCN), Christian Sonne (vísindamaður á sviði hvítabjarnafræða) og Ólafs Ingólfssonar (prófessor við Háskóla Íslands og hefur áratugareynslu af samskiptum við hvítabirni á Svalbarða) sem eru þeir aðilar sem hafa mesta reynslu af rannsóknum og samskiptum við hvítabirni á norðurslóðum. Í flestum tilfellum ógna hvítabirnir öryggi borgaranna hér á landi, þeir eru langt frá sínum heimkynnum og geta því ekki farið til baka nema með hjálp eða ef þéttur ís er mjög nálægt landinu. Síðast en ekki síst, að eins og staðan er árið 2008 eru engin haldbær stofnstærðarrök fyrir björgun einstakra hvítabjarna sem koma til Íslands. Hvítabirnir eru nýttir með sjálfbærum hætti við Grænland og í Kanada þ.e. veiddir af innfæddum, en þau dýr sem hingað koma eru líkast til úr Austur-grænlenka stofninum. Einnig má benda á að ástand hvítabjarna sem koma til landsins virðist vera nokkuð slæmt en skal skoðast í ljósi þess að þekkt er hjá þessum dýrum að vera fæðulítill og lifa á fituforða svo mánuðum skipti.

D: Tillögur starfshópsins um viðbrögð við hugsanlegri landtöku hvítabjarna hér við land

Í ljósi ofnagreindra gagna og upplýsinga sem starfshópurinn hefur aflað er ljóst að skynsamlegast sé að fella þá hvítabirni sem hingað koma til lands. Fyrir þessu álitni er þrennskonar meginrök:

1. Öryggissjónarmið

Alltaf er talin hættu af hvítabjörnum sem hingað koma til lands enda utan náttúrulegra heimkynna í umhverfi sem dýrin þekkja ekki. Það er samdóma álit þeirra sérfræðinga sem starfshópurinn ræddi við. Hér má sérstaklega greina frá reynslu Ólafs Ingólfssonar, prófessors við Háskóla Íslands, en hann telur að reynslan sem hann hefur af samskiptum við hvítabirni sé sú að dýrin séu óútreiknanleg og að gæta skuli mikillar varúðar þannig að maðurinn hafi alltaf frumkvæðið í þeim samskiptum.

2. Stofnstærðarsjónarmið

Það var álit vísindamanna á sviði hvítabjarnarrannsókna að engin stofnstærðarrök séu fyrir björgun hvítabjarna sem villast til Íslands. Í Austur-grænlenka stofninum eru að lágmarki 2000 dýr og telur Christian Sonne, helsti sérfræðingur Dana um hvítabirni á Grænlandi, að það skipti engu máli fyrir stofninn þótt nokkur dýr væru felld hér á landi. Undir þetta tekur IUCN hvítabjarnaráðið eins og fram hefur komið hér að framan enda er gefinn út árlegur veiðikvóti á hvítabirni við Austur-Grænland.

3. *Kostnaður við björgunaraðgerðir*

Ljóst er að björgunartilraunir eru mjög kostnaðarsamar og erfiðar í framkvæmd. Í því ljósi má benda á að ef reyna á björgun mun það kosta þjálfun á björgunarteymi, bæði grunnþjálfun og viðhaldsþjálfun, hérlendis sem erlendis. Tækjabúnað þarf til verkefnisins t.d. hentuga þyrlu, aðkomu Lhg vegna skips og annan búnað sem slík áætlun krefst og verður að skilgreina. Bent er á þá staðreynd að ef hvítabirni er bjargað hér á landi og hann fluttur á svæði nálægt t.d. Kulusuk á veiðitíma er möguleiki á því að hann verði fljótlega skotin endi það svæði þar sem mest er af veiðimönnum. Því þyrfti að flytja björninn langt til norðurs. Starfshópurinn hefur ekki reiknað út kostnað vegna þessa en ljóst er að hann mun hlaupa á tugum milljóna vegna einstaka dýrs.

Í þessu álitu verða því ekki lögð drög að björgunaráætlun fyrir hvítabirni sem koma hingað til lands. Hins vegar er mikilvægt að taka það fram að ef álit IUCN hvítabjarnaráðsins, og annarra sérfræðinga, breytist varðandi þörf á björgun þeirra dýra sem hugsanlega koma hingað til lands m.t.t. stofnverndarsjónarmiða ber yfirvöldum að koma til móts við þær breyttu aðstæður. Því er mikilvægt að stofna þegar til formlegs samstarfs við IUCN hvítabjarnaráðið og dönsk og grænensk yfirvöld og rannsóknaraðila sem stýra veiðum og rannsóknum á Austur-grænenska hvítabjarnarstofninum.

Til að tryggja samræmd og skilvirk viðbrögð við komu hvítabjarna er lagt til að stofnaður verði sérstakur viðbragðshópur. Hópurinn hefur umsjón með og ber ábyrgð á viðbrögðum við komu hvítabjarna, hafi hlotið þjálfun til að bregðast við aðstæðum og vinna samkvæmt fyrirfram ákveðnu verklagi. Mikilvægt er að viðbragðshópurinn sé samsettur af sömu aðilum í öllum tilfellum. Í viðbragðshópnum skulu vera fulltrúar Ríkislögreglustjóra, Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar, Yfirdýralæknis og skyttur. Aðrir sem koma að málinu geta verið frá viðkomandi landshluta eða mismunandi starfsmenn stofnanna. Það er niðurstaða starfshópsins að viðbragðshópurinn verði staðsettur á Norðurlandi þar sem algengast er að hvítabirnir komi á land. Skynsamlegast er að miðstöð viðbragðshópsins sé á mið-Norðurlandi. Með staðsetningu á mið-Norðurlandi er hópurinn miðsvæðis á því landssvæði sem algengast er að hvítabirnir komi að landi á Íslandi. Útkallstími yrði því skammur þegar atvikin gerast. Starfshópurinn leggur til ákveðið verkferli, eða viðbragðsáætlun, vegna komu hvítabjarna hingað til lands (3. mynd). Þetta ferli lýsir þeim skrefum sem þarf að stíga við komu hvítabjarna hingað til lands.

Sérfræðingar benda á að ef dýr eru felld hér á landi ætti að vera til samningur við grænensk yfirvöld um að dýrin séu keypt af úthlutuðum veiðikvóta innfæddra með sérstökum samningi þar að lútandi. Það væri þá í takt við stefnu Kanadamanna sem draga hvert fellt dýr af veiðikvóta viðkomandi stofns og myndi sú aðferð styðja við álit IUCN hvítabjarnaráðsins um sjálfbærar veiðar. Dýr sem felld yrðu hér á landi tilheyra í flestum tilfellum svonefndum Austur-grænenska stofni og yrði því að semja


við yfirvöld á Grænlandi um þessa leið. Þannig fengi hvert fellt dýr tilgang, annars vegar myndi Íslenska ríkið greiða afurðaverð fyrir hvert dýr til þeirra er eiga kvótann og hins vegar nýtist dýrið til rannsókna. Hér má geta þess að einstök sýni náðust úr dýrinu að Hrauni á Skaga fyrir alþjóðlegar hvítabjarnarannsóknir og greint er frá hér að neðan.

Því er lagt til að komið verði á formlegum samskiptum við sérfræðingahóp IUCN um hvítabirni og þá sérfræðinga á Grænlandi og í Danmörku sem fara með málefni Austur-grænlenka hvítabjarnarstofnsins. Í gegnum slík samskipti er hægt að fylgjast grannt með þróun mála er varða ástand stofna, hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi veiða úr viðkomandi stofnum og þá hvort viðhorf þessara aðila, gagnvart eðlilegum viðbrögðum við landgögu hvítabjarna á Íslandi, taki breytingum.

Úr birnunni sem felld var að Hrauni náðust mikilvæg sýni sem nýtast munu erlendum rannsóknaraðilum m.a. til að meta mengun á búsvæðum Austur-grænlenkra hvítabjarna og áhrif mengunar á einstaklinga og viðkomu stofnsins. Íslendingar geta með áframhaldandi og formlegri þátttöku í slíkum rannsóknum orðið beinir þátttakendur í vöktun á Austur-grænlenka hvítabjarnarstofninum og þannig tekið þátt í viðleitni þjóða til að vernda stofna hvítabjarna til framtíðar litið. Í gegnum samstarf við ofangreinda aðila gætu einnig skapast tækifæri til að kynna sér nánar hvernig staðið er að vöktun hvítabjarnarstofna og hvernig aðrar þjóðir taka á málum þar sem hætta getur stafað af hvítabjörnum.

Starfshópurinn telur það ekki raunhæfan möguleika að svo komnu máli fanga hvítabirni sem hér ganga á land með það að markmiði að koma dýrinu fyrir í dýragarði erlendis. Eðlilegra sé að fanga þau dýr í sínu náttúrulega umhverfi og þar með hafa möguleika að velja dýr sem henta í þeim tilgangi. Það er verra af stað farið en heima setið í þeim efnum ef svo kemur í ljós að dýrið af einhverjum ástæðum hentar ekki.

Eins og fram kom hér að framan telur starfshópurinn skynsamlegast að fella þá hvítabirni sem vart verður við hér á landi miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir. Ef yfirvöld ákveða, vegna breyttra stofnstærðarsjónarmiða eða annarra sjónarmiða, að bjarga skuli einstaka dýrum er hingað koma til lands og ekki stafar bráð hætta af verður að tryggja fjármögnun slíks verkefnis þar sem tekið er tillit til allra þeirra þátta er krafist er til þess að slík áætlun geti talist raunhæf. Þá þarf tímanlega að hefja þjálfun fjölskipaðs björgunarteymis (flugmenn, skyttur, dýralæknar) sem eru tiltækir með skömmum fyrirvara ef landganga hvítabjarnar á sér stað. Það er ljóst að þjálfar þyrftu upp að lágmarki tvo hópa þannig að alltaf sé tiltækur þjálfaður mannaflí til aðgerða. Þegar dýrin tvö gengu á land í sumar voru 20 ár liðin frá því að hvítabjarnar var síðast vart á landi.



3. mynd. Flæðirit er sýnir fyrstu viðbrögð við landtöku hvítabjarna á Íslandi.

Fræðsla um hættu af og rétt viðbrögð almennings við landgöngu hvítaljarna

Sérfræðingar töldu mjög mikilvægt að efla fræðslu um komu hvítaljarna hingað til lands. Nauðsynlegt er að gefa út fræðsluefni þar sem farið er yfir samskipti manna og hvítaljarna og hvernig fólki ber að bregðast við ef hvítaljörn nálgast.

Mikilvægt er að almenningi sé gerð grein fyrir réttum viðbrögðum ef vart verður hvítaljarna en til eru leiðbeinandi reglur um samskipti manna og hvítaljarna, t.d. á Svalbarða og í Kanada, sem styðjast mætti við. Að fenginni reynslu er talið nauðsynlegt að upplýsa fólk um þá bráðu hættu sem af dýrunum getur stafað. Sérstaklega skal lögð áhersla á að opinberum aðilum sé tafarlaust gert viðvart sjáist til hvítaljarna í íslenskri lögsögu, umerkja verði vart um hvítaljörni á landi eða annar rökstuddur grunur um landgöngu þeirra liggur fyrir. Lögð er til útgáfa bæklinga auk markvissari fræðslu með áherslu á þau svæði þar sem landganga hvítaljarna er einna líklegust.

Tillögur um fjármögnun viðbragðsáætlunar

Það má vera ljóst að nokkur kostnaður hlýst af viðbragðsáætlun vegna komu hvítaljarna. Í ljósi þess að upp geta komið spurningar er varða kostnað og hvar hann á að falla leggur starfshópurinn til að komið verði á fót sérstökum fjárlagalið hjá umhverfisyfirvöldum sem ætlað er að fjármagna undirbúning og viðbrögð vegna komu hvítaljarna. Þessi fjárlagaliður skal greiða útlagðan kostnað ríkisins vegna framangreinds. Til að tryggja rétta nýtingu fjármuna er skynsamlegt að skipuð verði stjórn úthlutunar úr sjóðnum sem tekur ákvarðanir um greiðslur úr sjóðnum. Með þessu móti skapast ekki óvissa um greiðslu kostnaðar ef ákveðið er að bjarga hvítaljörnum sem hingað koma.

Helstu heimildir sem stuðst var við í þessari samantekt:

Bechshøft, T.Ø., C. Sonne, F.F. Rigét, Ø. Wiig & R. Dietz 2008. Differences in growth, size and sexual dimorphism in skulls of East Greenland and Svalbard polar bears (*Ursus maritimus*). Polar Biol. 31:945–958.

Derocher, A. E. & Ø. Wiig 2002. Postnatal growth in body length and mass of polar bears (*Ursus maritimus*) at Svalbard. J. Zool., Lond. 256: 343-349.

Freeman, M.M.R. & G.W. Wenzel 2006. The Nature and Significance of Polar Bear Conservation Hunting in the Canadian Arctic. Arctic 59:21-30.

Sale, R. 2006. A Complete Guide to Arctic Wildlife. London, Christopher Helm.

Þórir Haraldsson & Páll Hersteinsson 2004. Hvítaljörn. Bls. 102-107 í: Páll Hersteinsson (ritstj.) Íslensk spendýr. Reykjavík, Vaka-Helgafell.

Ævar Petersen & Þórir Haraldsson 1993. Komur hvítaljarna til Íslands fyrr og síðar. Bls. 74-78 í: Páll Hersteinsson & Guttormur Sigbjarnason (ritstj.) Villt íslensk spendýr. Reykjavík, Hið Íslenska Náttúrufræðifélag og Landvernd.

Viðauki I

Leitað var upplýsinga frá eftirtöldum aðilum er tóku þátt í aðgerðum við komu tveggja hvítaljarna til landsins:

Viðtöl voru tekin við neðangreinda aðila. Viðtölin voru hljóðrituð og skrifuð í sérstaka skýrslu. Viðtölin sjálf eru trúnaðarmál en niðurstaða þeirra birtist í lýsingu á atburðarás og í hugmyndum sem fram koma í skýrslunni.

Þorsteinn Sæmundsson og Helgi Páll Jónsson, Náttúrustofu Norðvesturlands

Fjórar skyttur er boðaðar voru á vettvang af lögreglu

Hjörtur Magnason, héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmi nyrðra

Egill Þorri Steingrímsson, héraðsdýralæknir austur-Húnaþingsumdæmi

Þorsteinn Rögnvaldsson og kona hans Mette Rögnvaldsson, bændur á Hrauni á Skaga

Pétur Björnsson og Matthías Guðmundsson frá Lögreglunni á Sauðárkróki

Viðauki II

Leitað var upplýsinga frá eftirtöldum sérfræðingum:

Álit neðangreindra sérfræðinga kom fram á fundum með þeim. Sérfræðialit þeirra er sett í skýrsluna sem tilvitnanir í þeirra hugmyndir eða gögn þó stundum án þess að nafngreina sérfræðingana, allt eftir eðli upplýsinganna.

Carsten Grøndahl, dýralæknir hjá dýragarðinum í Kaupmannahöfn (stjórnaði björgunaraðgerðum að Hrauni)

Ólafur Ingólfsson, prófessor í jarðfræði við Háskóla Íslands (með mikla reynslu í hvítaljarnarmálum í felti) m.a. frá Svalbarða og Síberíu.

Christian Sonne, dýralæknir og eiturefnafræðingur, rannsakandi í hvítaljarnafræðum við Árósháskóla og dönsku Umhverfisstofnunina

Þór Jakobsson, veðurfræðingur og sérfræðingur í hafismálum (sérfræðingur í dreifingu hafíss kringum Ísland)

Karl Skírnisson, prófessor í dýrafræði við rannsóknastöð Háskóla Íslands að Keldum (sérfræðingur í meinafræði dýra)

Benedikt Henry Guðmundsson, þyrluflugmaður í Kanada (með mikla reynslu í að elta hvítaljarni á þyrlu þegar svæfa þarf dýrin eða merkja þau)

Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir varðandi lyfjagjöf og deyfingar/svæfingar

Ævar Petersen, dýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (með sérþekkingu á komum hvítaljarna til Íslands frá landnámi)

Páll Hersteinsson, prófessor í dýrafræði við Háskóla Íslands. Sérfræðialit á atferli hvítabjarna og dýrafræði þeirra

Andrew Derocher, prófessor í dýrafræði við háskólann í Alberta, Kanada, og formaður IUCN hvítabjarnarnefndarinnar. Sérfræðingur í hvítabjörnum á norðurslóðum og atferli þeirra. Er einn af virtustu vísindamönnum á sviði hvítabjarnafræða í heiminum í dag.

Andreas Dinkelmeyer, upplýsingafulltrúi International Fund for Animal Welfare, sem sérfræðingur í friðun og björgun hvítabjarna

Jack Dubois, forstjóri Verndarstofnunar Manitoba fylkis í Kanada. Hann hefur mikla reynslu í að fanga og flytja hvítabirni frá borginn Churchill í Manitobafylki, Kanada.

Einnig var leitað eftir áliti þeirra Eric W. Born, Jon Aars, Lars Öivind Knudsen og Aqqalu Rosing-Asvid en þeir eru rannsakendur í hvítabjörnum á Svalbarða og Grænlandi.